

Innviðaráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
101, Reykjavík

Reykjavík 18. október 2023

Fyrir hönd Sigrúnar Bjarnadóttur, kt. 080856-2539, Fossnesi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, beini ég eftirfarandi athugasemdum til innviðaráðuneytisins sem snýr að framkomu oddvita og sveitarstjóra sveitarfélagsins, Haraldi Þór Jónssonar, í hennar garð. Vert er að taka fram að kvartað var vegna þessa máls til umboðsmanns Alþingis. Umfjöllun hans um málið lauk að sinni með bréfi, dags. 12. október sl. þar sem segir: „...þar sem ekki verður ráðið að þér hafið borið athugasemdir yðar undir innviðaráðuneytið, svo og að gættri 3. mgr. 6. gr. laga um umboðsmanns Alþingis, tel ég rétt að þér freistið þess fyrsta kastið að leita með athugasemdir yðar, að því marki sem þær lúta að téðum starfsháttum sveitarstjóra Skeiða- og Gnúpverjahrepps, til ráðuneytisins.“ (Fylgiskjal 10).

Í ljósi tilvitnaðs bréfs umboðsmanns Alþingis er kvörtun þessari því beint til ráðuneytisins. Tekið skal fram að undirritaðri er kunnugt um að innviðaráðuneytið hefur verið upplýst um háttsemi kjörna fulltrúans í garð Sigrúnar Bjarnadóttur (SB) sem hér er kvartað yfir. Er þar vísað til tölvupósta Sifjar Konráðsdóttur hrl. til starfsmanna ráðuneytisins, dags. 1. sept. sl. og 7. sept. þar sem á þetta er bent í tengslum við mál IRN23060103 og svar ráðuneytisins til Sifjar í tölvupósti, dags. 28. sept. sl. þar sem staðfest er að ráðuneytið hafi mótttekið ábendingarnar „...og lagt í þá meðferð að ráðuneytið mun leggja mat á hvort tilefni sé til að taka stjórnarsýslu sveitarfélagsins til formlegrar umfjöllunar á grundvelli 112. gr. sveitarstjórnarlaga.“ Komi til þess að ráðuneytið taki málið til umfjöllunar felur erindi þetta í sér fyllri upplýsingar til ráðuneytisins um málavexti.

Málavextir þeir sem eru tilefni kvörtunar um háttsemi oddvita og sveitarstjóra Skeiða- og Gnúpverjahrepps í garð SB eru raktir hér að neðan. Kvörtunin byggist á því að kjörni fulltrúinn hafi misnotað stöðu sína með ítrekuðum kröfum á hendur SB í krafti embættis síns um að afhenda einkaréttarlegan samning sem er sveitarfélaginu óviðkomandi. Þessi erindi hans hafi verið ómálefnaleg og óviðkomandi stjórnarsýslu sveitarfélagsins. Í þeim hafi verið settar fram rangar og villandi staðhæfingar til að telja SB trú um að það væri eðlilegt og réttmætt af hálfu kjörna fulltrúans að krefjast samningsins og birta hann. Einnig að umfjöllun um SB og umræddan samning í [fundargerð sveitarstjórnar frá 6. september](#) sl. hafi verið rituð og birt í annarlegum tilgangi. Markmiðið hafi verið að draga úr trúverðugleika SB opinberlega, hegna SB fyrir kæru sína til IRN og gera jafnframt lítið úr frumkvæðisathugun IRN ef til hennar kæmi. Vert er í þessu samhengi að benda á [siðareglur kjörinna fulltrúa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi](#) þar sem m.a. er kveðið á um að kjörnir fulltrúar skuli í störfum sínum fylgja lögum og reglum, starfa fyrst og fremst í þágu íbúanna og hafa í heiðri ýtrustu kröfur um ráðvendni, heiðarleika og réttlæti í störfum sínum (2. gr.), koma fram af háttvísi og heiðarleika og gæta þess að fara ekki út fyrir umboð sitt (3. gr.). Þá er bent á, að hvergi kemur fram í bókunum sveitarstjórnar að oddviti og sveitarstjóri hafi farið fram í umboði hennar við hin ítrekuð skrif sín til SB í þessu máli. Þvert á móti, lýsir hann sínum skoðunum í tölvupóstunum sem og í bókun sem gerð var á fundi sveitarstjórnar og afrituð er síðar í bréfi þessu.

Málavextir:

Í júní síðastliðnum kærði SB til innviðaráðuneytisins (fylgiskjal 1) rammaskomulag sveitarstjórnar við Landsvirkjun um undirbúning, byggingu og rekstur Hvamms-, Holta-, og Urriðafossvirkjunar frá árinu 2008 (fylgiskjal 2) og einnig samkomulag sömu aðila um lokauppgjör samningsins í júní sl. (fylgiskjal 3). Innviðaráðuneytið brást við kærinni með bréfi dags. 5. júlí sl. (fylgiskjal 4) þar sem fram kom að ráðuneytið teldi ekki forsendur til að taka erindi SB til meðferðar sem stjórnarsýslukæru en

athugað yrði hvort tilefni sé til að taka það til skoðunar á grundvelli frumkvæðiseftirlits skv. sveitarstjórnarlögum.

Miðvikudaginn 9. ágúst barst SB tölvupóstur frá Haraldi Þór Jónssyni sveitarstjóra (fylgiskjal 5) sem einnig var sendur Landsvirkjun þar sem hann fór fram á að fá afhentan samning milli SB og Landsvirkjunar frá árinu 2008 sem lýtur að ráðstöfun á hluta jarðar SB, Fossnesi. Haraldar vísaði í pósti sínum til þess að „í ljósi þess“ að SB hefði „lagt fram stjórnáskilum gegn Skeiða- og Gnúpverjahreppi“ varðandi fyrrnefndan rammamarkað og uppgjör hans teldi hann mikilvægt að allar staðreyndir máls varðandi áformaðar virkjunarframkvæmdir „liggi fyrir opinberlega“. SB lét pósti sveitarstjórnar ósvarað. Föstudaginn 1. september barst SB annar póstur frá sveitarstjórnunum (fylgiskjal 6) þar sem hann ítrekaði að hann vildi fá afrit af samningi SB við Landsvirkjun. SB svaraði honum samdægurs og sagðist ekki sjá að samningurinn kæmi sveitarfélaginu við (fylgiskjal 7) og fékk í beinu framhaldi þriðja póstin þar sem sveitarstjórinn segir m.a. „Eðlilega kemur þessi samningur öllum íbúum sveitarfélagsins við og er hluti af þeim gögnum sem æskilegt er að liggi fyrir þegar við sveitarfélagið tekur til varna í þeirri kærni sem þú hefur lagt fram á hendur sveitarfélaginu varðandi Rammamarkað sem gert var á sambærilegum tíma.“ Í sama pósti segir hann jafnframt að það orki tvímælis að SB „selji land og hagnist á byggingu Hvammsvirkjunar en á sama tíma farir fram að samningur sem Landsvirkjun gerði við sveitarfélagið vegna Hvammsvirkjun verði dæmdur ólöglegur.“ Þessu til viðbótar segir í pósti sveitarstjórnar að efni samningsins sem hann vill fá afhentan geri það að verkum að hann sé „eðlilega hluti að vörnum sveitarfélagsins í þeirri málshöfðun“ sem lögmaður SB hafi höfðað fyrir hönd SB á hendur sveitarfélaginu. (Fylgiskjal 8).

Tilvitnaðir tölvupóstar Haraldar eru allir sendir frá netfangi hans á sveitarstjórnarskrifstofunni með undirritun hans sem oddviti og sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Um frekari vendingar í þessu máli má lesa í fundargerð frá fundi sveitarstjórnar 6. september þar sem segir:

„9. Greinagerð vegna mögulegrar frumkvæðisathugunar IRR

Hinn 19. júní 2023 barst Innviðaráðuneytinu stjórnáskilum/beiðni um frumkvæðisathugun vegna rammamarkaðs frá 2008 milli Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Landsvirkjunar. Kæran var lögð fyrir sveitarstjórn 2. ágúst 2023 til kynningar og hefur lögfræðingur sveitarfélagsins svarað kærinni með meðfylgjandi greinagerð.

Í ljósi þess að Sigrún Bjarnadóttir hefur kært rammamarkað frá 2008, á milli Landsvirkjunar og Skeiða- og Gnúpverjahrepps v/undirbúnings Hvammsvirkjunar, telur sveitarstjóri mikilvægt að allar upplýsingar verði birtar er snúa að undirbúningi Hvammsvirkjunar. Sveitarfélagið hefur birt öll gögn og alla samninga er varðar málið en samningur um bætur, dagsettur 20. júní 2008, sem Sigrún Bjarnadóttir og Landsvirkjun gerðu hefur ekki verið gerður opinber. Í þinglýstri yfirlýsingu milli Landsvirkjunar og Sigrúnar Bjarnadóttur, undirritaðri 20. júní 2008, kemur skýrt fram að Sigrún Bjarnadóttir heimilar allar framkvæmdir til að reisa og reka Hvammsvirkjun á sínu landi, Fossnesi gegn greiðslu bóta skv. samningi undirrituðum 20. júní 2008. Sveitarstjóri hefur sent áskorun til Landsvirkjunar og Sigrúnar Bjarnadóttur um að birta samning um bætur, dags. 20. júní 2008, til að öll gögn séu gerð opinber.“ (Fylgiskjal 9).

Haraldur sveitarstjóri hefur haldið áfram tilraunum sínum til að fá umræddan samning afhentan og verið í samskiptum þar að lútandi við Landsvirkjun sbr. fylgiskjal 11. Þar kemur fram að Landsvirkjun synjar um afhendingu samningsins sem sé bundinn trúnaði en sveitarstjórinn lætur sér það ekki nægja og bíður trúlega enn eftir svari við síðasta tölvupósti sínum til Landsvirkjunar um málið, dags. 5. október. SB fékk afrit af þessum samskiptum. (Fylgiskjal 11).

Nú veit undirrituð ekki til þess að sveitarstjórinn hafi óskað eftir að fá afhenta samninga sem aðrir landeigendur í sveitarfélaginu sem eiga land að Þjórsá gerðu á sínum tíma, með áskorun um birtingu þeirra. Ekki er heldur getið um slíkt í tilvitnaðri fundargerð. Ef sveitarstjórinn væri samkvæmur sjálfum sér mætti ætla að hann vildi einnig fá þá samninga, en ekki aðeins þann sem SB gerði. Þetta rennir enn frekar stoðum undir að sveitarstjórinn hafi ákveðið að beina spjótum sínum að SB persónulega og byggji ekki kröfu sína á málefnalegum grunni.

Fyrir hönd Sigrúnar Bjarnadóttur,

Margrét Erlendsdóttir
kt. 310566 5439

Fylgiskjöl sem vísað er til:

- 1) Kæra til innviðaráðuneytisins
- 2) Rammasamkomulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Landsvirkjunar
- 3) Samkomulag Skeiða og Gnúpverjahrepps og Landsvirkjunar um lokauppgjör
- 4) Bréf innviðaráðuneytis dags. 5. júlí 2023
- 5) Tölvupóstur dags. 9. ágúst sl. frá HPJ sveitarstjóra til SB
- 6) Tölvupóstur dags. 1. sept. sl. frá HPJ sveitarstjóra til SB
- 7) Tölvupóstur SB, dags. 1. sept. til HPJ sveitarstjóra
- 8) Tölvupóstur dags. 2. sept. sl. frá HPJ sveitarstjóra til SB
- 9) Fundargerð frá fundi sveitarstjórnar Skeiða og Gnúpverjahrepps, dags. 6.09.'23
- 10) Bréf umboðsmanns Alþingis í máli nr. 12368/2023
- 11) Tölvupóstsamskipti sveitarstjóra og fulltrúa Landsvirkjunar